

Samkeppnisstofnun. Apríl 2004  
Alþingi  
Erindi nr. P 130/2517  
komudagur 22.5.2004

#### Sjónarmið birgja

Birgjum ber saman um að sá afsláttur sem þeir veita matvöruverslunum eða birgðahúsum sem rekin eru í tengslum við þær hafi hækkað allnokkuð á síðustu tveimur árum. Afslátturinn hafi verið knúinn fram með ýmsum hætti, m.a. með hótunum um að viðskiptum verði hætt. Í einhverjum tilvikum hafi viðskiptum verið hætt án fyrirvara þegar birgjar hafi verið tregir til að verða við kröfum verslana sem að mati birgjanna hafi verið óásættanlegar. Það er útbreidd óánægja meðal birgja vegna þess að þeir telja að aukinn afsláttur sem þeir veiti hafi í fæstum tilvikum komið fram í lækkuðu verði í matvöruverslunum. Nefnd eru dæmi um að verslun hafi krafist verðlækkunar hjá birgja eftir lækkun á vörugjaldi. Birgirinn hafi orðið við kröfunni en lækkunin ekki komið fram í smásöluverði hjá versluninni. Birgjar nefna fleiri dæmi þessu lík, m.a. um að verslunarkeðja hafi gert kröfu um hlutdeild í hagnaði heildverslunar á þeirri forsendu að hluti hagnaðarins hefði orðið til í viðskiptum milli viðkomandi aðila.

#### Samandregið mat Samkeppnisstofnunar

Samningar og önnur gögn hafa verið lögð fyrir Samkeppnisstofnun sem staðfesta að sá afsláttur sem veittur er matvöruverslunum og birgðahúsum hefur aukist á sl. tveimur árum. Vísbendingar eru um að aukinn afsláttur til handa verslunum eða birgðahúsum hafi, a.m.k. ekki í öllum tilvikum, leitt til lækkunar smásöluverðs. Birgjar hafa sýnt dæmi um að kröfur verslana um afslátt hafi ekki alltaf verið byggðar á rekstrarlegum forsendum heldur virðist þær fremur mótast af kaupendastyrk verslunarkeðja og birgðahúsa þeim tengdum. Þá er dæmi um að verslunarkeðja hafi fyrirvaralaust hætt viðskiptum við birgja þegar þeir hafi ekki orðið við skilyrðislausum kröfum um aukinn afslátt sem ekki verður séð að hafi byggt á kostnaðartengdum forsendum.

Sá afsláttur sem tíðkast í viðskiptum matvöruverslana og matvörubirgja er margbreytilegur og í flestum tilvikum ógagnsær. Það er einkum í viðskiptum þar sem matvörubirgjar hafa mjög styrka stöðu sem afsláttur er kerfisbundinn, gagnsær og hlutlægur, þ.e. afslátturinn tengist með beinum hætti meintu hagræði af umfangi viðskipta og er öllum aðgengilegur. Má sem dæmi nefna mjólkurvörur. Það vekur óneitanlega eftirtekt að fyrirtæki birgja þurfa nánast að vera í einokunarstöðu til að geta starfað með kerfisbundið og hlutlægt afsláttarkerfi. Ýmsar tegundir afsláttar tíðkast í viðskiptum birgja og matvöruverslana. Sem dæmi má nefna magnafslátt (þ.m.t. brettaafsláttur og gámaafsláttur), staðgreiðsluafslátt, tryggðarafslátt, línuafslátt (þegar t.d. allar tegundir ákveðinnar vörulínu eru keyptar) og framstillingarafslátt. Þegar öllu er til haga haldið getur afsláttur frá verði samkvæmt verðlista reynst allhár og ekki alltaf í sýnilegum tengslum við kostnaðarhagræði eða aukna sölu. Ekki virðist óalgengt að veittur sé 15-20% fastur afsláttur. Allnokkur dæmi eru um 20-30% afslátt og dæmi eru einnig um 40-50% afslátt.

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2516  
komudagur 22.5.2004

## Athugasemdir ASÍ á Mjólkursamningi/frumvörpum til laga um breytingu á Búvörulögum 1

Tillögur Mjólkurnefndar	Útkoma í frumvörpum	Hugsanlega jákvætt í frumvörpum	Athugasemdir við frumvörp
<p><b>Markmiðið er frjáls verðlagning ... þangað til sterka Verðlagsnefnd</b></p> <p>"Til að tryggja samkeppnisstöðu íslensku mjólkurvaranna er nauðsynlegt að neytendur njóti í meira mæli ávinnings hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaðinum. Stuðla má að slíkri þróun með aðhaldsskilyrðum ... og eðlilegt er að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ... sbr. núverandi skipan Verðlagsnefndar."</p> <p>(sjá skýrslu Mjólkurnefndar kafli 8.6).</p>	<p>Mjólkursamn. 7. og 8. gr. Frumv._M 1. og 2. gr. Frumv._S 1. og 2. gr.</p>	<p>Í Mjólkursamningi er sagt að verðlagning mjólkur verði með sama hætti og segir í núgildandi lögum nr. 99/1993 nema um annað verði samið á samningstímanum.</p>	<p>Þverstæður: Í Mjólkursamningi er sagt að verðlagning verði óbreytt – en jafnframt kveðið á um í ...</p> <p><i>Mjólkursamningnum</i> að leitað verði samþykkis Alþingis fyrir breytingum á lögnum – þannig að það hlutverk Verðlagsnefndar að ákveða lágmarksverð til bænda verði afnumið og falið bændum sjálfum; og í <i>frumvörpunum</i> að gerðar verði töluverðar breytingar á verðlagningunni (hlutverk Verðlagsnefndar að heimila verðtilfærslur er afnumið; opnað er á þann möguleika að hlutverk hennar að ákveða verð til bænda verði afnumið).</p> <p>Það er lágmarkskrafa að staða Verðlagsnefndar verði ekki skert á meðan ekkert aðhald er frá innflutningi.</p>
<p><b>Hert aðhald með afurðastöðvum</b></p> <p>"... skal vakin athygli á nauðsyn þess að það eigið fé sem bundið er í mjólkurvinnslunni nýtist áfram í greininni án þess að til endurfjármögnunar á mjólkursamlögum komi."</p> <p>(sjá skýrslu Mjólkurnefndar kafli 8.2).</p>	<p>Ekkert fjallað um</p>	<p>Ekkert fjallað um</p>	<p>Kallar á breytingu á Búvörulögum 13. gr.</p> <p>Stoppa þarf í göt sem gera mögulegt að: 1) fé sé tekið út úr afurðastöðvum og þær endurfjármagnaðar gegnum ákvörðun um heildsöluverðið; 2) slaklega reknum afurðastöðvum sé haldið á floti gegnum ákvörðun um heildsöluverð.</p>
<p><b>Hagtölur/upplýst umræða</b></p> <p>"Komið hefur í ljós við störf nefndarinnar að nauðsynlegt er að bæta upplýsingar um afkomu og stöðu greinarinnar og leggur nefndin til að sérstakt átak verði gert í þeim efnum."</p> <p>(sjá skýrslu Mjólkurnefndar kafli 8.6).</p>	<p>Ekkert fjallað um</p>	<p>Ekkert fjallað um</p>	<p>Kallar á breytingu á Búvörulögum 11. gr.</p> <p>Verðlagsnefnd á að geta mótað reglur um reglubundna upplýsingagjöf a.m.k. frá Hagstofu, Hagþjónustu bænda og afurðastöðvum. Þessar uppl. eiga a.m.k. að ná til: 1) rekstrar- og efnahagsreikninga; 2) þróun verðs hér samanborið við erlendis; 3) framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga Íslands.</p>

**Athugasemdir ASÍ á Mjólkursamningi/frumvörpum til laga um breytingu á Búvörulögum 2**

Liður	Heimild	Hugsanlega jákvætt	Athugasemdir
<b>Heildarstuðningur</b> Heildargreiðslur verða föst verðtryggð upphæð.	Mjólkursamn. 6. gr. Frumvarp_M 5. gr.	Auðveldara að hafa eftirlit með greiðslum?	Mjólkurverð sveigjanlegra – bæði upp á við og niður á við.
<b>Heildarstuðningur</b> Heildargreiðslur munu lækka um 1% á ári.	Mjólkursamn. 6. gr. Frumvarp_M 5. gr.	Viðbrögð við breytingum á starfsskilyrðum.	Óvíst hvort svo lítil hagræðingarkrafa hafi nokkur áhrif.
<b>Heildarstuðningur</b> Samsetning heildargr. breytist.	Mjólkursamn. 6. gr. Frumv._M 5. gr.	Viðbrögð við breytingum á starfsskilyrðum.	Óljós <i>markmið</i> með þessum viðbrögðum – óskipulegur flótti frá raunveruleikanum? hver eru tengslin við heildstæða atvinnu- og byggðastefnu?  Óljóst hvaða <i>áhrif</i> þessi viðbrögð hafa á hvata til hagræðingar – er verið að refsa stórum búum? Verður mjólkurframleiðslu skipt upp í 40. kúa einingar? Leiðir þetta til óhagkvæmra fjárfestinga ef bláar greiðslur verða bannaðar?
<b>Verð til bænda</b> Opnað fyrir þann möguleika að verð til bænda verði samningsatriði milli bænda og afurðastöðva – án aðkomu Verðlagsnefndar.	Mjólkursamn. 6. gr. Frumv._M 1. og 2. gr.	Við <i>skilgreindar</i> aðstæður gæti þetta hugsanlega leitt til meiri ábyrgðar/hagræðingar.	Skerðir hlutverk Verðlagsnefndar.
<b>Heildsöluverð</b> Þrátt fyrir ákv. Samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu og hafa með sér annars konar samstarf.	Frumv._S 2. gr.	Þessa heimild má aðeins nota ef markmiðið er halda niðri kostnaði, þ.e. lækka verð til neytenda.	Áður þurftu afurðastöðvar a.m.k. leyfi landbúnaðarráðherra til að hafa með sér svo víðtæka samvinnu. Nú er ekkert augljóst eftirlit með því hvort þessi heimild sé rétt beitt.
<b>Heildsöluverð</b> Þrátt fyrir ákv. Samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að stunda verðtilfærslu.	Frumv._S 1. gr.		Engin skilyrði eru sett fyrir beitingu þessarar heimildar. Áður þurfti leyfi Verðlagsnefndar til að stunda verðtilfærslu. Nú er aðeins skylt að upplýsa nefndina um verðtilfærslu.

Athugasemdir fulltrúa BSRB í stefnumótunar vinnu um mjólkurframleiðslu.

Þingskjal 1665 – 997. mál

1. grein. Í mjólkurnefnd var gert ráð fyrir að mótuð yrðu skýr aðhaldsskilyrði mjólkuriðnaðarins.
2. grein. Styrkja þarf eftirlisþáttinn með afurðarstöðvunum.

Þingskjal 1677 – 1000. mál

**Almennt um þingskjalið, það er að mestu í þeim anda sem skýrsla mjólkurnefndarinnar lagði til, þó eru þættir sem vert er að skoða frekar eins og;**

1. **Skerðing á greiðslum við 41 kú, í vinnu nefndarinnar var margoft tekin umræða um einhverskonar “þak” á greiðslum. Það er eina málið sem ekki náðist samstaða um í nefndinni. Afstaða fulltrúa BSRB byggir á tvíþættu sjónarmiði: Annars vegar að tryggja mjólkurframleiðslu á Íslandi á ásættanlegu verði og hins vegar að standa vörð um byggðasjónarmið og styrkja stöðu bænda, Þessi markmið eru samofin. Takist ekki að lækka framleiðslukostnað og hagræða þannig að verð á mjólk og mjólkurvörum lækki hlutfallslega á næstu misserum er veruleg hættu á að það hafi afdrifaríkar afleiðingar, þegar til lengri tíma er litið, ekki bara fyrir neytendur heldur líka fyrir mjólkurframleiðendur. Augljósasta leiðin til að ná niður framleiðslukostnaði er að stækka framleiðslueiningarnar svo að grunnkostnaður skiptist á fleiri lítra. BSRB leggur þó áherslu á að þegar stigin eru slík skref í hagræðingarátt þurfi jafnan að hafa bæði framangreind megin stefnumarkmið í huga, hagsmuni neytenda og bænda. Afstaða BSRB vegna hugmynda um “þak” var af hálfu samtakanna einvörðungu rædd í því samhengi að hættu væri talin vera á því að einn aðili gæti keypt upp stór landsvæði og raskað mjólkurframleiðslunni um tíma ( t.d. 10% af heildar greiðslumarki ), eins gat BSRB séð fyrir einhver höft vegna dýrasjúkdómavarna, þar sem miklir erfiðleikar í mjólkurframleiðslu gætu skapast ef stór bú sem væru með verulegan hluta af heildarmjólkurframleiðslu í landinu yrðu fyrir alvarlegum áföllum vegna dýrasjúkdóma.**
2. Eins lagði nefndin mikið upp úr bættu aðgengi að hagtölum og opinberum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að vinna að því aðhaldi sem opinberri verðlagningu er nauðsynleg.
3. Vantar skilgreiningu á hvernig greiðslur vegna jarðræktar og gripafjölda koma til lækkunar á vöruverði til neytenda.

Þorlákshöfn 20. maí 2004  
Elín Björg